



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025.....	5
2.1	Innra mat.....	5
2.2	Ytra mat.....	6
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
4	Innra mat deilda 2024-2025.....	9
4.1	Esja	9
4.2	Laut	10
4.3	Mói	11
4.4	Fjara	12
4.5	Tjörn..... Villa! Bókamerki ekki skilgreint.	
5	Umbótaáætlun 2024-2025 – allar deildir	13
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	14
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
8	Foreldrasamvinna	15
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
10	Fylgiskjöl.....	18
10.1	Fylgiskjal 1 – Umsögn foreldraráðs.....	18





1 Greinargerð leikskólastjóra

Það hefur verið lærdómsríkt að vera með fólkinu í Ævintýraborginni. Það sem vekur athygli er hvað börnin geta verið frjáls og að það þarf ekki að skamma börn til að veita þeim uppeldi sem skyldi. Hér sitja skammir ekki í gömlum sporum og það heyrast sjaldan skammir og það er svo vel og til fyrirmyndar. Börnin fara gjarnan sínar leiðir t.d. þegar þau fara inn í matsal til að borða þá eru mörg börn sem staldra við á leiðinni og taka nokkrar búnur í rennibraut eða klifri á leiðinni og þeim er gefið svigrúm til þess. Þeirra munstur eru virt og þau eru ekki krafín um að mynda raðir á leið sinni enda mannréttindi að lifa ekki í röðum og mannréttindi að gera nokkra snúninga á leið sinni frá A til B. Heilarannsóknir myndu að öllum líkum sýna okkur að það sé vel að börnin gangi í munstrum frekar en einföldum röðum. Ég mæli þó með að við skoðum varðandi borðskipan þannig að fyrstu hópar hafi takmarkaðra val um sæti þannig að seinni hópar komi að einhverjum hreinum borðum. Einnig þurfum við að mínu mati að skoða þjónustu við börnin í matsalnum til að virkja starfsfólkið og sníða af vankanta varðandi umgengni og verkaskiptingu.

Heilbrigðiseftirlitið gerði athugasemd við krass á veggjunum hjá okkur og fulltrúi þeirra spurði eins og „yfirvaldi“ getur verið tamt „eru börnin eftirlitslaus eða eru þau svona frjáls“? Ég vil svara því að það getur verið hvoru tveggja. Við höfum farið frá uppeldisaðferðum sem reikna með nokkuð skilyrðislausri hlýðni barna en við viljum ekki fylgja því eftir í dag enda mælir það gegn barnasáttmála og farsæld að skikka börn til að vera þægileg í rekstri. Rekstraraðilar þurfa að taka tillit til þessa, þegar við viljum að börn njóti réttinda þarf fólk með þeim til að liðka um fyrir samskiptum í þrengslum og með takmarkaðan en þó öflugan efnivið. Tússpennar eru fljótir að gefa góðar veggmyndir þó ekki sé nema rétt lífið af barninu sem missir sig í veggskreytingar. Það er ekki lengi gert að klifra upp á skiptiborð þegar réttur manns til klífurs er virtur og maður er orðinn flinkur að klifra og öruggur í sínu daglega umhverfi. Athugasemdir sem við stjórnendur fáum frá fólkinu á gólfinu eru oft um að það séu fáir starfsmenn með of mörgum vel virkum og uppátektarsömum börnum. Þau eru því kannski eftirlitslaus þó allir starfsmenn séu að standa sig vel í sínu starfi. Þeir 2,3 sem eru með 12 börn eru kannski bara að tala við Jón og Gunnu meðan Gissur og Páll fara og missa sig í að teikna mynd við skiptiborðið. Þeir hafa enda oft séð að starfsfólkið notar tússpenna með góðum árangri á þeim stað en hafa kannski ekki áttað sig á að það eru bara litlar merkingar um bleyjuskripti og innihald bleyjunnar sem þeir gera en ekki Erróverk. Og það er sjaldan tími fyrir tiltekt og þríf, niðurstaða mín er að það er reiknað með að of margt og flókið sé gert með mörgum, af fáum og að við þurfum að reikna með fleira fólki með börnum sem eru vön að njóta góðra skilyrða en vera ekki skikkuð til undirgefni og hlýðni við fullorðna og alls konar kerfa. Í vetur höfum við verið að reyna að skilja hvernig við á skipulagsstiginu þurfum að huga betur að framkvæmdarstiginu og hvernig það sem ákveðið er á að vera gerlegt. Og einnig þarf alltaf að reikna með endurmati. Þar koma skráningar sér vel en við þurfum að vinna með að skráningar séu ekki bara gerðar heldur notaðar til endurmats og ígrundunar.





Skipulag – framkvæmd og endurmat er hringferli sem mig langar að vinna með áfram og bind vonir við að við gerum það í Ævintýraborginni. Ég fer inn í næsta starfsár með tilhlökkun með því góða fólki sem starfar á Eggertsgötu. Við getum bætt við okkur starfsfólki en það er kominn fastur kjarni sem þarf að fá tækifæri til að efla sig sem leiðtogar. Það verður gaman að takast á við það. Mín spurning verður „hvað felst í því að vera leiðtogi“? Við þurfum að hafa marga leiðtoga í leikskóla, marga sem hafa ríka ábyrgð og standa fyrir virkni og stöðugleika. Umhverfið verður áfram síbreytilegt, börn koma og fara, sum staldra stutt við en við viljum að þau fái öll góða og lærdómsríka tíma með okkur í leikskólanum. Þetta er mjög mikilvægt því börn muna tilfinningar, þær setjast í merginn, börnin þurfa að öðlast tilfinningu um sig sem hæfileikaríkt og skemmtilegt fólk. Líklega er okkar mesta áskorun að vinna með eigin geðþrýði og þrautseigju í umhverfi sem stöðugt er háð breytingum. Ég hlakka til.

Góðar óskir til allra sem hlut eiga að máli, Fanný Maríudóttir





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Réttindi barna á Íslandi Barnasáttmála-verkefnið	Á fundi með verkefna-stjóra var ákveðið að slá verkefnið af í bili.	Stjórnendur	Verkefnið dalaði þegar á leið á veturinn og verður tekin ákvörðun í haust um hvort þessu samstarfsverkefni sex leikskóla, Háskóla Íslands og Unicef verður haldið áfram. Leikskólinn heldur samt áfram vinnu sinni sem réttinda-leikskóli.
Menntastefna Samskipti og læsi	Að skoða efnivið fyrir söng- og sögustundir	Stjórnendur	Búið er að gera mikið efni til þess að nýta í allskonar málörvun, söng og sögustundir t.d. loðtöflusögur og auk þess var gefin út söngbók Ævintýraborgar. Sérkennslustjóri fór yfir stöðu málörvunar í leikskólanum.
Sköpunarsmiðja	Metið af stjórnendum	Stjórnendur	Enn er verið að skoða hvort hægt sé að gera sköpunarsmiðjuna að veruleika.
Samskiptasáttmáli	Metið af stjórnendum	Stjórnendur	Búið var til plaggat og sáttmáli, skjalið var kynnt á starfsdegi þar sem allt starfsfólk fékk sitt eigið eintak. Vinna þarf að úrbótum á skjalinu ásamt því að gera sáttmálann sýnilegri í skólanum.
Námskrá	Ekki metin	Enginn	Í fjarveru leikskólastjóra var ákveðið að fresta gerð námskrár.





2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfsskönnun foreldra	Spurninga-könnun til foreldra	Foreldrar	Styrkleikar: Viðmót starfsfólks við foreldra og börn, öryggi barna í leikskólanum, aðgangur að skapandi efnivið og vinalegt og notalegt andrúmsloft. Tækifæri til umbóta: Fálíðun, ráðgjöf til foreldra, markvisst unnið með stefnu leikskólans, fjölbreyttar og sýnilegar aðferðir til að meta þroska barnanna, vel tekið við hugmyndum foreldra.
Viðhorfsskönnun starfsfólks	Spurninga-könnun til starfsfólks	Starfsfólk	Niðurstaða könnunarinnar varð ekki marktæk þar sem of fáir tóku þátt.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Umbótapáttur/ Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig og hvenær metið?	Viðmið um árangur
Stjórnun og forysta				
Deildarfundir	Að finna leiðir til að tryggja starfsfólki	Setja a.m.k. inn einn deildarfund á mán.	Metið á starfsdegi 28.nóvember og 22.apríl eftir að aðgerðir hafa verið innleiddar.	Að við höfum náð að framkvæma allar aðgerðir.
Undirbúningstímar	eftirfarandi atriði, deildarfundi, undirbúningstímar og bæta upplýsingaflæði.	Skipulag sýnilegt á kaffistofu og deildum. Undirbúnings-skipulag. Vikupóstur fyrir starfsfólk frá stjórnendum.		
Upplýsingaflæði				
Hefst: Hausti 2025 Lokið: Vor 2026 Ábyrgðaraðilar: Stjórnendum				
Lausnateymis-fundir	Fylgja eftir innleiðingu og passa upp á að lausnateymis-fundir séu einu sinni í mánuði eða að lágmarki 6 sinnum á skólaári.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar finna vikudag sem hentar og setja niður lausnateymisfundi með reglulegu millibili í haust.	Hvort náist að halda fundi og vinna markvisst með starfsfólki og börnum að lausnum þeirra sem þurfa.	Að það séu reglulegir fundir og markviss vinna við lausnaleytt þess á milli.
Hefst: Hausti 2025 Lokið: Vor 2026 Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri í farsæld barna og sérkennslustjóri				
Vellíðan starfsfólks	Vinna markvisst með veikindafjarvistir og hvað við getum gert til að draga úr þeim og álagi almennt í leikskólanum.	Styðja starfsfólk í að leita lausna ef þarf í tengslum við heilsuna. Kortleggja hvar er hægt að bæta skipulag og umhverfi svo öllum líði betur. Vinna markvisst með álagsþætti.	Kortleggja álagsþætti og veikindi um haustið og ræða á starfsdegi 2.okt. Vinnan fer fram allt árið og metið að nýju um vorið.	Að veikinda-fjarvistir hafi minnkað og starfsfólki líði vel í vinnunni.
Hefst: Hausti 2025 Lokið: Vor 2026 Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri				





Uppeldis- og menntastarf				
Aðlögun barna -Skipulag -Hlutverk -Handrit -Móttaka erlendra foreldra -Móttöku- handbók -Móttökufundur -Ráð í aðlögun	Að skipuleggja aðlögun betur svo starfsfólk líði vel í aðlögun. Skipuleggja móttöku betur.	Útbúa efni og skipuleggja. Passa upp á að bóka túlk. Nýta Hverfið mitt þjónustuna. Láta þýða móttöku-handbók. Móttökufundur fyrir aðlögun.	28. nóvember metið af öllu starfsfólki. Nafnlaus örkönnun send á foreldra í lok október um aðlögun.	Að allt efni og verkferlar séu tilbúnir í byrjun skólaárs. Að aðlögun hafi gengið vel.
	Hefst: Sumar 2025			
	Lokið: Nóvember 2025			
	Ábyrgðaraðili: Stjórnendur			
Mannauður/ Leikskólabragur				
Móttökuáætlun fyrir nýliða Móttökuáætlun fyrir deildarstjóra Torgið	Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk. Kynna Torgið.	Búa til móttökuáætlun. Að kynna Torgið fyrir starfsfólki.	Metið af starfsfólki á starfsdegi 2. okt.	Móttökuáætlun tilbúin. Að starfsfólk nýti sér Torgið.
	Hefst: Sumar 2025			
	Lokið: Vor 2026			
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri				
Innra mat				
Námskrá og læsisstefna	Að halda áfram að búa til námskrá leikskólans og samhliða vinna að gerð læsisstefnu.	Unnið að því á starfsdögum með öllu starfsfólki yfir árið og á fagfundum innan og utan vinnutíma.	Á starfsdögum, eftir að faghópurinn hefur mótað kaflann. Foreldrum boðið að koma með ábendingar.	Að almenn ánægja sé með áherslur í námskrá og læsisáætlun og þær endurspegli áherslur okkar í starfinu.
	Hefst: Fagfundur í ágúst.			
	Lokið: Fyrir 1.mars 2026 (á fjögurra ára afmælinu okkar)			
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri				





4 Innra mat deilda 2024-2025

4.1 Esja

Styrkleikar

- Málörvun – Í gegnum Samveru, hópastarf, bókalestur, „Gefðu 10“, „Orð eru Ævintýri“ og „Lubbi Finnur Málbein“.
- Samvera – Tvær samverur á hverjum degi, börnin eru skipt í hópa eftir þol og getu til að koma til móts við þarfir þeirra.
- Sjálfstæði – Aðstoðarkennari (Börnin aðstoða við að leggja á borð, þvo þvott, henda rusli, ýtir undir ábyrgð og sjálfstæði), fataklefi, hlaðborð í matmálstímum.
- Aðlögun – Foreldra fá skýran tölvupóst og nokkur upplýsingaspjöld í

Tækifæri

- Halda reglulega teymisfundum.
- Snemmtæk íhlutun barna þar sem þörf er á.
- Móttökuáætlun fyrir erlenda foreldra.
- Nýta rýmið sem tilheyrir bráðabirgðar listasmiðju betur.





4.2 Laut

Styrkleikar

- Fjölmening.
- Skemmtileg samvinna milli Laut og Móa.
- Breiður aldurshópur svo hver finnur leikfélaga við hæfi.
- Flæði og hver dagur tekinn eins og hann birtist okkur, hvernig hafa börnin það, hvernig er veðrið, hverju eru börnin að sýna sérstakan áhuga á o.þ.h.
- Stöðugur starfsmannahópur.
- Starfsfólk nýtir hvert tækifæri til málörvunar.

Tækifæri

- Snemmtæk íhlutun barna þar sem þörf er á.
- Stuðningur við starfsfólk þar sem mögulega eru börn sem eiga rétt á stuðning en ekki komin með hann opinberlega á deildinni.
- Skipulagðari hópaskiptingar.
- Ákveðinn tími með sérkennslustjóra.
- Koma „Aðstoðarkokki“ í gagnið.
- Betri foreldrafræðsla, sérstaklega fyrir erlenda foreldra. Gera þeim ljóst að það er á þeirra ábyrgð að lesa alla pósta sem koma frá leikskólanum til að vera meðvituð um hvað er í gangi á leikskóla barnsins síns.





4.3 Mói

Styrkleikar

- Fjölbreyttur aldurs hópur
- Hópa starfsemi milli Móa/Laut og hægt að velja um marga leikfélaga
- Myndlistaverkefni og fjölbreyttur efniviður
- Sjálfstæði barnanna og mikil hvatning í tengslum við það
- Reglulegur bóka lestur og borðspila leikur
- Tækifæri til að spjalla við börnin
- Fjölbreyttar samverustundir (Dans / Söngur / Hreysti æfingar / Yoga)
- Góð tenging milli starfsfólks og barna

Tækifæri

- Ferðir, bæði stuttar og langar ferðir
- Skráningar
- Betra deildar skipulag og skipulag deildarinnar
- Umræður um tilfinningar við börnin og vellíðan þeirra





4.4 Fjara og Tjörn

Styrkleikar

- Stöðugur barnahópur (síðasta aðlögun var í desember)
- Mikið unnið með læsi
- Börn hafa mikið val og mikið um daginn sinn að segja
- Hugmyndaríkt starfsfólk og mikil samvinna milli deilda
- Sveigjanleiki og framkvæmdagleði
- Fjölbreytt verkefni (ræktun, listasýning o.fl.)
- Fjölbreyttar skráningar í ferilmöppu (verkefni, listaverk, samskipti)
- Börn eru höfð með í hefðbundnum verkefnum (fylla á bleyjur, sækja ávexti o.p.h.)
- Framkoma og samskipti milli barna, starfsfólks og foreldra
- Unnið er með að efla sjálfstæði barna í sem flestum aðstæðum og athöfnum.

Tækifæri

- Frekari vinna með barnasáttmálann
- Markvissari skráningar í ferilmöppu
- Fleiri og minni samverur
- Markvissari þrif á leikföngum
- Þemu/verkefni undirbúin með meiri fyrirvara
- Undirbúningstímar starfsfólks (bætra skipulag)
- Deildarfundir (markvissir og oftari)
- Skýrari verkaskipting á milli starfsfólks
- Skipuleggja meira tíma fyrir börnin þegar þau eru að klæða sig í útiföt





5 Umbótaáætlun 2024-2025 – allar deildir

Umbótabáttur/ Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Skráningar	Gera skráningar markvissari. Samræma skráningar á milli deilda.	Búa til sniðmát fyrir skráningar. Listi yfir skráningar sem eiga að vera í ferilmöppunni.	Farið yfir ferilmöppur í janúar og aftur að vori.	Að skráningar séu orðnar samræmdar og fleiri farnir að skrá.
Hefst: Haustið 2025 Lokið: Vorið 2026 Ábyrgðaraðili: Deildarstjórar				





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin voru haldin í apríl og byrjun maí. Mannauðsráðgjafar komu utan frá og tóku samtalið við allt starfsfólk leikskólans. Þeir tóku saman punkta frá öllum samtölunum sem kynntir voru og unnið með áfram á starfsmannafundi. Starfsfólk ákvað í sameiningu hvaða þættir væru mikilvægastir fyrir starfið og forgangsöðudu verkefnum sem höfð voru til hliðsjónar í umbótaáætlun leikskólans.

Starfsdaga leikskólans notuðum við til þess að efla liðsheild starfsmanna ásamt því að efla grunnstarf leikskólans og fengum fjölbreytta fræðslu til þess að styrkja okkur. Við nýttum starfsdagana okkar vel og var í boði fjölbreytt fræðsla og var fólk duglegt að sækja sér fræðslu yfir árið. Hér er hluti af þeirri fræðslu sem við fengum til okkar:

- Fræðsla um fjölmenningu í leikskólastarfi
- Fræðsla um flæði í leikskólastarfi
- Fræðsla um vinnustaðamenningu og samskipti
- Fræðsla um læsi
- Fræðsla um sköpun

Fimm starfsmenn voru í kennaranámi í vetur. Einn í B.Ed. og Fjórir í M.Ed.

Fræðslan sem er áætluð fyrir næsta ár er:

- Skyndihjálparnámskeið – 28.nóvember
- Fræðsla í tengslum við Réttindaskóla UNICEF – Á kvöldfundum
- Námskeið á degi leikskólans – 6.febrúar
- Námskeið um leikinn 2.október
- Námskeið um verkferla fyrir hegðunarerfiðleika – 2.október
- Námsferð

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Enn er ekki komið neitt formlegt samstarf við grunnskóla og frístund. Þetta árið vorum við að heimsækja 4 skóla þar sem elstu börnin okkar voru að fara í 4 mismunandi skóla.





8 Foreldrasamvinna

Foreldrafélagið stóð fyrir Sumarhátíð leikskólans þar sem í boði voru pylsur, andlitsmálning, blöðrudýr og tveir hoppukastalar. Mikil gleði var þann daginn og þótti öllum heppnast vel til. Á komandi skólaári stefnir foreldrafélagið á að skipuleggja leikrit fyrir börnin fyrir jólin ásamt því að virkja foreldra til frekari þátttöku í starfi barnanna.

Á árinu var haldið foreldrakaffi á vorönn, helmingur kom í morgunmat með börnunum á meðan aðrir komu í lok dags í kökukaffi. Vel tókst til en þá sérstaklega í morgunmatnum sem verður að öllum líkindum endurtekið á komandi skólaári. Fyrir jólin var ömmum og öfum boðið í heimsókn en það verður endurmetið á komandi skólaári og fært á tímabil þar sem minni hálka er á útisvæði skólans.

Foreldrasamtöl voru í nóvember og í maí. Deildarstjórar hafa einnig haldið áfram að vera duglegir við að senda föstudagspóst til foreldra þar sem þeir upplýsa um hvað hefur verið að gerast í leikskólanum.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

2. október (sameiginlegur starfsdagur)

28. nóvember

6. febrúar (Dagur leikskólans - sameiginlegur starfsdagur)

22. apríl starfsdagur ½ starfsdagur

24. apríl starfsdagur

4. maí (sameiginlegur starfsdagur)

7. júlí ½ starfsdagur – Fyrsti dagur í sumarfríi er þá 8. júlí.





Nafn leikskóla: Ævintýraborg við Eggertsgötu

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 M	1 M Kynningsfundir	1 L	1 M Fullveldisdagurinn	1 F Miðradagur	1 S	1 S 4.ín símaí, EE	1 M Stráningardagur	1 F Verkhaldagurinn	1 M	1 M
2 Þ	2 Þ	2 F Starfishdagur	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M Almáttisafri	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Föstudagurinn baci	3 F	3 M	3 F
4 F	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M Starfishdagur	4 F	4 L
5 S	5 S	5 S	5 M	5 F Jólahelkur	5 M	5 F	5 F	5 S Þekkadagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M	6 M	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þrestindin	6 F Starfishdagur Dagurinn	6 F	6 M Annar í Þekkm	6 M	6 L	6 M
7 S	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L Dagurinn kóllastakóll	7 L	7 Þ	7 F	7 S Slómannsdagurinn	7 Þ M2 Starfishdagur
8 F	8 M Dagurinn lazi	8 M	8 L einhi	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M Sumarfrí
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F Sumarfrí
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 F Skólahátíð grannakóll	10 F Sumarfrí
11 F	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M Dagurinn íslenska	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 Þ	12 M	12 S	12 M	12 F Jólahelkur	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M Sumarfrí
14 S	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L Dagurinn starfráttinn	14 Þ	14 F Uppstíttardagurinn	14 S	14 Þ Sumarfrí
15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M Sumarfrí
16 L	16 Þ Dagurinn íslenska	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 M Bolladagur	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F Sumarfrí
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ Spreiddagur	17 Þ	17 F	17 S	17 M Léveldisdagurinn	17 F Sumarfrí
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M Óskudagur	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F Stráningardagur	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F Stráningardagur	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M Sumarfrí
21 S	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ Sumarfrí
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S Krossdagur - upphaf	22 S	22 F M2 Starfishdagur	22 F Umhverfidagur	22 M	22 M Sumarfrí
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Þorðisdagur	23 F Upphaf þorra	23 M	23 M	23 F Sumarboquinnin tugi	23 L	23 Þ	23 F Sumarfrí
24 S	24 M	24 F Stráningardagur	24 M	24 F Jóladagur	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F Starfishdagur	24 S Hvítsumardagur	24 F	24 F Sumarfrí
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 M	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í Hvítsumar	25 F	25 L
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M	27 Þ	27 M	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M Sumarfrí
28 F	28 S	28 F Stráningardagur	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ Sumarfrí
29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 F	29 M	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M Sumarfrí
30 F	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Stráningardagur	30 F	30 M	30 S	30 F	30 F	30 M	30 F Sumarfrí
31 L	31 M	31 Þ Kynningsfundir	31 L	31 Þ Stráningardagur	31 F	31 M	31 M	31 F	31 L	31 Þ	31 F Sumarfrí
		31 F Hvítsumardagur	31 S	31 M	31 L	31 Þ	31 Þ	31 S	31 F	31 M	31 F Sumarfrí

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagur. Leikskólalögd lækka ekki vega þessa. Skráningardagur í leikskólum eru tíu og gíld lækka vega þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvella í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að hófu samráði við starfsmann og foreldraáráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt. Tíu til tuttugu virka daga. Stofna skóla- og fríundasvöðs er að hverju hvent íst skólagjöfjörndur félk- og skólagundur til hagræðs við fjölskyldur í Reykjaví.



10 Fylgiskjöl

10.1 Fylgiskjal 1 – Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Ævintýraborgar við Eggertsgötu

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2025 – 2026 Ævintýraborg við Eggertsgötu

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Gísli Davíð Karlsson
Helga Jónsdóttir
Satish Kumar Bonthu





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei

Fulltrúar í foreldraráði:

Gísli Davíð Karlsson, Helga Jónsdóttir og Satish Kumar Bonthu

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Umsögnin foreldraráðs:

Foreldraráð hefur lesið og rýnt í starfsáætlun Ævintýraborgar Eggertsgötu og þakkar þeim sem að henni koma fyrir greinargóða lýsingu á skólastarfinu. Í áætluninni kemur fram að starfsmenn hafi verið undir miklu álagi á síðasta ári og eiga þeir þakkar skyldar fyrir að halda uppi metnaðarfullu og góðu starfi við þær aðstæður. Í viðhorfskönnun foreldra kemur til að mynda fram að þeir upplifi vinalagt og notalegt andrúmsloft á Ævintýraborg Eggertsgötu og að styrkleikar skólans felist í góðu viðmóti starfsfólks við börn og foreldra. Í greinargerð leikskólastjóra má auk þess lesa að börnunum er sýnd mikil virðing og leitast er við að skapa þeim rými til að gera hlutina eftir sínu höfði í stað þess að setja þeim strangar reglur í einu og öllu.

Unnið hefur verið að spennandi þróunarverkefnum á Ævintýraborg Eggertsgötu en þar má nefna samstarfsverkefnið „Réttindi barna á Íslandi“ og Sköpunarsmiðjuna sem stefnt hefur verið að því að byrja með. Í starfsáætluninni kemur þó fram að bæði verkefnin séu í biðstöðu eins og er. Þá var ákveðið að fresta námskrárgerð á síðasta ári þar sem leikskólastjórinn var í veikindaleyfi en vonandi heldur sú vinna áfram á þessu ári nú þegar leikskólastjórinn er kominn aftur til starfa.

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026 er lögð áhersla á að auka skipulag, greina álagspætti og leita leiða til að bæta starfsumhverfi í því skyni að auka vellíðan starfsfólks og að fækka veikindafjarvistum. Það er brýnt verkefni en á árinu hefur leikskólinn glímt við faliðun sem veldur álagi á starfsfólki og foreldrum.

Á Ævintýraborg Eggertsgötu er lögð áhersla á að tengja leikskóla- og heimilislíf barnanna og var foreldrum boðið í morgun- eða síðdegiskaffi á vorönn. Þá var ömmum og öfum boðið í heimsókn fyrir jólin. Foreldrafélagið hélt jafnframt jólaföndur og sumarhátíð og hvort tveggja heppnaðist mjög vel. Samkvæmt viðhorfskönnun foreldra er þó ákall um enn meiri foreldrasamvinnu, svo sem ráðgjöf til foreldra. Samkvæmt umbótaáætluninni á að vinna að því en





meðal annars er lögð áhersla á markvissa vinnu og leit að lausnum fyrir börn sem þær þurfa. Þá er einnig stefnt að því að útbúa efni, þýða móttökuhandbók og nýta betur túlkapjónustu og þjónustu borgarinnar við móttöku barna með erlendan bakgrunn. Jafnframt má nýta föstudagspóstana enn betur til að ráðleggja foreldrum og fræða. Gott væri að upplýsa þar um efnið sem unnið er með á hverri deild, svo sem hvaða bækur eru lesnar, hvaða lög eru sungin og kynna fyrir þeim fræðsluefnið sem unnið er með, til dæmis „Gefðu 10“ og „Lubbi finnur málbein“. Foreldrar óskuðu jafnframt eftir því að hugmyndir þeirra fengju meira vægi og raddir þeirra skipta til dæmis máli við þróun námskrár skólans. Finna þarf leiðir til að virkja samtal milli leikskólans og foreldra við vinnslu hennar.

English

Foreldraráð has read and reviewed the starfsáætlun of Ævintýraborg Eggertsgata and wants to thank those involved for the detailed description of the school's work. The plan states that staff have been under a lot of pressure over the past year, and they deserve praise for maintaining ambitious work under those circumstances. For instance, the parent survey shows that parents experience a friendly and pleasant atmosphere at Ævintýraborg, and that the school's strengths lie in the staff's positive attitude towards children and parents. The kindergarten director's report also indicates that the children are shown great respect, and efforts are made to create space for them to do things their own way instead of imposing strict rules on everything.

Exciting development projects have been underway at Ævintýraborg, including the collaborative project "Réttindi barna á Íslandi" and the Sköpunarsmiðja. However, the starfsáætlun states that both projects are currently on hold. Additionally, it was decided to postpone developing the school curriculum last year as the principal was on sick leave. Hopefully, this work will continue this year now that the principal has returned to work.





The umbótaráætlun for 2025-2026 emphasizes organizing tasks better, finding stress factors, and ways to improve the work environment to increase staff well-being and reduce absences due to sickness. This is an urgent task, as the preschool has been struggling with understaffing this year, causing stress for both staff and parents.

At Ævintýraborg, emphasis is placed on connecting preschool and home life for the children, and parents were invited for morning or afternoon coffee in the spring semester. Grandparents were also invited to visit before Christmas. The Parent Association also held Christmas crafts and a summer festival, both of which were very successful. However, according to the parent survey, there is a call for even more parental collaboration, such as advice for parents. The umbótaráætlun aims to address this, for example with emphasis on finding solutions for children who need them. There are also plans to prepare material, translate the reception handbook, and make better use of interpretation services and other services provided by the city for receiving children with foreign backgrounds. Furthermore, the Friday posts can be better utilized to advise and educate parents. It would be beneficial to inform parents about the material being worked on in each department, such as books and songs, and to introduce the educational material used, for example, "Gefðu 10" and "Lubbi finnur málbein". Parents also requested that their ideas be given more weight, and their voices matter, for instance, in the development of the school's curriculum.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



